



Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi viðbrögð við viðhorfskönnun starfsmanna

Á 171. fundi skóla- og frístundaráðs, 24. september 2019 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hvernig hefur skóla- og frístundasvið brugðist við og tekið á því þegar skólar og starfsstaðir lækka á milli ára í starfsánægjukönnunum?

Svar:

Mannauðsráðgjafi skóla- og frístundasviðs rýnir niðurstöður viðhorfskönnunar um leið og þær liggja fyrir. Áætlun um eftirfylgni miðar að því að starfsstöðum er raðað í hópa eftir meðalskori. Rýnt er í þætti sem kunna að hafa hækkað eða lækkað.

Miðað er við að hafa samband við alla stjórnendur starfsstaða þar sem meðalskor þátta mælist á gulu og rauðu, hvort sem um hækkun eða lækkun á þáttum er að ræða. Eftirfarandi er skoðað:

- Aðstoð við kynningu á niðurstöðum fyrir starfsfólk
- Rýnt í niðurstöður og mögulegar skýringar á lækkun þátta (t.d. breytingar í vinnuumhverfi, nýir stjórnendur, o.s.frv.)
- Gerð áætlun um hvaða þætti skal skoða og bæta
- Boðin frekari ráðgjöf frá mannauðsþjónustu
- Fylgt eftir með fundum og/eða símtölum

Eftirfylgd viðhorfskönnunar hefur jafnframt tengst öðrum verkefnum hjá mannauðsþjónustu skóla- og frístundasviðs:

- Niðurstöðum um tíðni eineltis og áreitni er fylgt eftir með samtali við stjórnendur. Á þeim starfsstöðum skóla- og frístundasviðs sem slíkt mælist hafa mannauðsráðgjafar skóla- og frístundasviðs fylgt þeim eftir m.a. með fræðslu um stefnu borgarinnar og verkferil í eineltis- og áreitnimálum. Slík fræðsla hefur verið í boði á íslensku, ensku og pólsku.
- Mannauðsþjónusta skóla- og frístundasviðs ásamt stjórnendum níu starfsstaða unnu verkefnið, *Tilraunaverkefni gegn vinnutengdri streitu*, sem stóð yfir frá október 2018 til maí 2019, í því skyni að greina vinnuaðstæður og vinna gegn samskiptavanda og streitu á þeim starfsstöðum.

- Á haustdögum 2019 var farið af stað með verkefnið *Vellíðan á vinnustaðnum*, en þar er notað sama skipulag og við *Tilraunaverkefni gegn vinnutengdri streitu*, þátttakendur eru frá 20 starfsstöðum skóla- og frístundasviðs. Í því verkefni eru þátttakendur m.a. valdir út frá niðurstöðum viðhorfskönnunar auk annarra viðmiða. Verkefnið mun standa yfir fram í maí 2020. Stefnt er að því að verkefnið nái til allra starfsstaða skóla- og frístundasviðs.